

samning um hann, um leið og hann borgaði skuld sína til Christensens-verzlunar. Og með því að eigi þykir neitt að athuga við upphæð kostnaðarins, eins og hann er ákveðinn í aukarjettardóminum, ber að staðfesta dóminn. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eiga að falla niður, og verður hinum skipaða málsfærslumanni áfrýjanda eigi dæmt málsfærslukaup, en það vottast, að sóknin af hans hálfu hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardómurinn skal vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður. Dómi þessum ber að fullnægja, áður liðnar sju 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 16/1898:

Hið opinbera
gegn

B. H. Bjarnason.

D ó m u r :

Í máli þessu er hinn kærði kaupmaður B. H. Bjarnason í Reykjavík sakaður fyrir að hafa drýgt helgidagsbrot, með því að selja brennivín á 3ggja pelafloesku sunnudaginn 20. febr. þ. á., en með dómi lögleglurjettar Reykjavíkur, uppkveðnum 26. s. m., var hann sjknaður af kæru hins opinbera; þó var honum gjört að greiða allan sakarkostnaðinn. Dómi þessum hefur af hálfu hins opinbera verið skotið til yfirjettarins.

Kærði, sem rekur verzlun í Reykjavík, hefur eindregið neitað því, að hann hafi selt nokkurt brennivín áminnztan sunnudag. Á hinn bóginn hefur vitnið Ágúst Benediktsson borið það fram, að hann hafi þenjan sunnudag kl. nálega 2 farið inn í hús kærða, hitt hann þar og keypt af honum brennivín á 3ggja pela flösku. Þegar hann kom út á götuna aptur, tjáist hann hafa hitt vitnin Bödvar Gíslason og Benidikt Stefánsson, sýnt þeim flöskuna og sagt þeim, að hann hefði keypt brennivín á hana hjá kærða. Þessi vitni hafa gefið samhljóða skýrslu í þá átt, að þau hafi um kl. 2 nefndan dag sjeð Ágúst fara með tóma 3ggja pela flösku inn í portið bak við hús kærða og eftir stundarkorn koma þaðan út aptur með flöskuna fulla af brennivíni; hafi þeir þá átt tal við Ágúst, og hafi hann þá sagt þeim, að hann hefði keypt brennivínið af kærða. Annað þessara vitna, Bödvar Gíslason, hefur enda skýrt svo frá, að það hafi sjeð Ágúst fara með flöskuna tóma inn í hús kærða.

Þó að miklar líkur sjeu með þessum vitnisburðum fengnar fyrir því, að kærði hafi afhent Ágúst Benediktssyni brennivín á flösku hans, einkanlega þegar það er athugað, að kærði hefur kannazt við það, að engir aðrir en hann reka brennivínssölu í húsi því, sem hann býr í, þá er þó *ekki* með skýrslum vitnanna, sem eigi hafa verið staðfestar með eiði, sannað til fullnustu, að kærði hafi selt Ágúst brennivín á flösku hans áminnztan sunnudag. Kærði verður því eigi dæmdur til refsingar í þessu máli, en rjett þykir, að

hann greiði málskostnað fyrir undirryjetti, og skal því staðfesta lögregluþingsdóminn, eins og hann er. Á hinn bóginn virðist áfrýjunarkostnaður málsins eiga að lenda á almannafje, þar með talið málfutningskaup til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, sem ákveðst 10 kr. til hvors þeirra. Það vottast, að rekstur málsins í hjeradi hefur verið vitalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Lögreglurjettardómurinn skal vera óraskaður. Allur áfrýjunarkostnaður málsins, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, cand. jur. Halldórs Bjarnasonar, og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors, greiðist af almannafje.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 27. júnímánadar.

Nr. 13/1898:

Rjettvísín
gegn
Gísla Gíslasyni.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Skaptafellssýslu 19. okt. f. á. var hinn ákærði Gísli Gíslason, fyrverandi póstur á Breiðabólstað, dæmdur fyrir póstsvik til að sæta fangelsishegningu við vatn og brauð í 4X